

AUGLÝSING

um váttryggingarfjárhæðir samkvæmt reglugerð um löggildingu og tryggingaskyldu fasteigna- og skipasala nr. 520/1987.

Váttryggingarfjárhæðir samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 520/1987 skulu vera sem hér segir tímabilið 1. desember 1990 til 30. nóvember 1991.

1. Ábyrgðartrygging vegna hvers einstaks tjónsatviks verður kr. 3 913 043,00 en þó aldrei hærrí en kr. 11 739 130,00 innan hvers váttryggingarárs.
2. Sjálfskuldarábyrgðartrygging verður kr. 4 695 652,00.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. janúar 1991.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Jón Thors.

Nr. 9

AUGLÝSING

9. janúar 1991

um frádrátt vegna íss í afurðum frystiskipa.

1. gr.

Við löndun úr frystiskipum skal vega hverja framleiðslutegund, eða hluta hennar, sérstaklega á hafnarvog í löndunarhöfn samkvæmt ákvæðum 12. gr. reglugerðar nr. 489/1990 um vigtun sjávaraflla. Heildarþungi á hafnarvog, að frádrögnum umbúðum og pöllum, skal lagður til grundvallar útreikningi á afla skipsins samkvæmt reglum um nýtingastuðla og ís í umbúðum.

2. gr.

Margföldunarstuðull fyrir ís í umbúðum og afurðum er eftirfarandi:

1. Flök án umbúða 0,98
2. Heill fiskur án umbúða: Grálúða 0,97 og Karfi 0,92

3. gr.

Reikna skal út afla frystiskipa þannig:

Heildarþungi framleiðslunnar sem veginn er á hafnarvog

- Umbúðir og pallar
- = Brúttóþyngd framleiðslu
- × Margföldunarstuðull fyrir ís í umbúðum og afurðum
- = Nettóþyngd framleiðslu
- × Nýtingarstuðull
- = Veiddur afli.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt l. nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. janúar 1991.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.